



- þar er leikur að læra

Leikskólinn Iðavöllur

Handbók



Teikning: Óskar Jacques



Teikning: Óskar Jacques og Yanislav Kamburov

Opnunartími: 07:45 til 16:15

Símanúmer:

Skólastjóri	414-3740
Sérkennslustjóri	414-3741
Álfheimur	414-3745
Glaðheimur	414-3746
Þrymheimur	414-3747
Jötunheimur	414-3748
Eldhús	414-3744

Netfang: idavollur@akureyri.is

Veffang: <http://www.idavollur.is>

Skólastjóri: Anna Lilja Sævarsdóttir

Aðstoðarskólastjóri: Gerður Gísladóttir

Sérkennslustjóri: Iris Rún Andersen

Matráður: Hjördís Guðjónsdóttir

Deildarstjórar og annað starfsfólk:

<http://idavollur.is/Stjornun/Starfsfolk>

Efnisyfirlit

Skólinn okkar	4
Móttökuáætlun	4
Aðlögun	5
Dagskipulag	5
Agastefna	6
Dvalartími	6
Leikskólagjöld	6
Breytingar á vistunartíma og uppsagnarfrestur	7
Veikindareglur	7
Ýmislegt	7
Útbúnaður	8
Leikur	8
Útivera	9
Foreldrasamtöl	10
Hlaðborð	10
Karellen leikskólakerfið	11
Matstæki og sérkennsla	11
Tyllidagar leikskólans	12
Foreldrafélag lðavallar	15
Foreldraráð lðavallar	16

Skólinn okkar

Leikskólinn Íðavöllur er staðsettur v/Gránufélagsgötu á Oddeyri. Helstu markmið skólans eru að öllum líði vel í skólanum, að jákvæð samskipti séu ríkjandi og að hver einstaklingur fái að njóta sín. Áhersla er lögð á traust og jákvæð samskipti við fjölskyldur barnanna. Íðavöllur er fjölmenningskóli og mikil áhersla er lögð á mál og málörvun. Starfsfólk skólans leggur áherslu á faglegt uppeldis- og menntastarf og horft er til hugmyndafræði Reggio Emilia.

Einkunnarorð Íðavallar eru: *þar er leikur að læra*. Í skólanum er rými fyrir 90 börn og skiptist skólinn niður í fjórar deildir, Álfheim, Glaðheim, Þrymheim og Jötunheim.

Oddeyrarskóli er í sama hverfi og Íðavöllur og samstarfsáætlun er á milli skólanna.



Móttökuáætlun

Foreldrar/forráðamenn fá boð um leikskólapláss með tölvupósti. Í kjölfarið þarf að hafa samband við leikskólann og staðfesta plássið. Skömmu áður en leikskólaganga barnsins hefst fá foreldrar/forráðamenn tölvupóst um boð í móttökusamtal í leikskólanum. Móttökusamtal þarf alltaf að fara fram áður en aðlögun getur hafist. Í móttökusamtali er mælt til þess að foreldrar/forráðamenn mæti án barna. Vinnureglur leikskólans eru þær að ef um annað mál en íslensku er að ræða þá fær leikskólinn aðstoð hjá túlki til þess að koma öllum upplýsingum vel og greinilega til skila. Starfsfólk gengur úr skugga um hvort nauðsynlegt sé að nota þjónustu túlka í samtölum. Móttökusamtalið fer þannig fram að starfsmaður fyllir út skjal með spurningum til foreldra/forráðamanna. Þar eru spurningar um barnið í brennidepli og leitast er við að kynnast barninu og fjölskyldu þess sem best áður en aðlögun hefst. Móttökusamtalið má finna á heimasíðu skólans; <http://idavollur.is/163-idavollur.karellen.is/uppl%C3%BDsingag%C3%B6gn%20sk%C3%B3lastj%C3%B3ra/m%C3%B3tt%C3%B6kusamtal.2019.pdf>. Í samtalinu er einnig farið yfir það hver lykilmáttálma fjölskyldunnar verður í aðlögunarferlinu. Lykilmáttálma er ákveðinn starfsmaður sem verður tengiliður fjölskyldunnar á meðan á aðlögun stendur. Einnig eru foreldrar/forráðamenn spurðir hver muni vera til staðar meðan á aðlögun stendur og það er m.a. til þess að athuga hvort þurfi að notast við túlkþjónustu í aðlögun. Foreldrar/forráðamenn eru þá beðnir um að láta vita ef eitthvað breytist á síðustu stundu varðandi hver kemur með barninu fyrstu dagana.

Deildarstjóri sendir bréf um aðlögunarferlið til foreldra/forráðamanna í tölvupósti stuttu áður en aðlögun hefst.

Aðlögun

Þátttökuaðlögun er á Íðavelli. Hugmyndafræðin á bak við aðlögun sem þessa er sú að forráðamenn yfirfæri eigin öryggiskennd og forvitni yfir til barnsins. Börn og foreldrar þurfa að fá góðan tíma til að kynnst deildinni, umhverfinu, starfsfólkinu, barnahópnum og leikskólanum í heild. Foreldrar eru með börnum sínum allan tímann á meðan á aðlögun stendur, sjá alfarið um þau, skipta á þeim, klæða þau, borða með þeim og taka þátt í öllu starfi deildarinnar. Starfsfólkið er til staðar til að útdeila verkefnum og til að kynnst börnum og foreldrum. Með því að foreldrar séu þátttakendur frá fyrsta degi öðlast þeir öryggi um það starf sem fram fer í leikskólanum.

Svona eru fyrstu dagarnir:

Dagur 1: börn og forráðamenn mæta klukkan 9:00 og eru til klukkan 11:00

Dagur 2: börn og forráðamenn mæta klukkan 8:00 og eru til klukkan 14:00

Dagur 3: börn og forráðamenn mæta klukkan 8:00 og eru til klukkan 15:00

Dagur 4 og 5: þegar börnin mæta kveðja forráðamenn þau. Við mælum með því að börnin séu sótt ekki seinna en kl. 15:00. Sum börn þurfa að hafa forráðamenn með sér lengur en ofangreindan tíma.

Ef vistunartími barns er styttri en skipulagið segir til um þá kemur/fer barnið á þeim tíma. Símanotkun foreldra/forráðamanna er ekki leyfð á meðan á aðlögun stendur. Foreldrum/forráðamönnum er ekki heimilt að taka myndir í leikskólanum. Sett er upp aðstaða fyrir foreldra/forráðamenn í samtalsherbergi þar sem þeir geta farið og fengið sér hressingu á meðan á aðlögun stendur. Börnin eiga ekki erindi inn í herbergið og ekki er æskilegt að þau fái veitingarnar sem þar eru. Ekki er leyfilegt að vera með heita drykki innan um börnin. *Vinsamlegast gætið þagmælsku og trúnaðar varðandi það sem þið sjáið og heyrið í leikskólanum.*



Dagskipulag

07:45	Leikskólinn opnar
8:00-8:30	Morgunverður
8:30-11:00	Leikur inni/úti
11:00-12:00	Hádegisverður
12:00-13:00	Hvíld/Lestrarstund
13:00-14:15	Leikur inni/úti
14:15-14:45	Síðdegishressing
14:45-16:00	Leikur inni/úti
16:15	Leikskólinn lokar

Nánari útfærslu af dagskipulagi má sjá á hverri deild

Agastefna

Góð tengsl við börnin eru grunnur að góðum samskiptum. Þau byggjast á trausti, öryggi og viðurkenningu. Við notum umhyggju og nærveru til að viðhalda þeim. Við setjum börnum mörk og sýnum ákveðni og festu þar sem við á. Við notum nafn barnsins þegar við gefum jákvæð skilaboð, þegar við ávörpum það, hrósum því og virkjum það í leik og verkefnum. Við forðumst að nota nafn barnsins þegar við erum að leiðrétta hegðun eða í neikvæðum aðstæðum/tilgangi. Við hlúum að því sem eflir sjálfsmynd barnsins á þann veg að barnið sæki styrk í eigin barm en ekki álit annarra. Við leitum eftir og hlúum að jákvæðum og sterkum hliðum barnanna. Þannig gefum við þeim tækifæri til að upplifa stóra og smáa sigra og hvetjum og hrósum bæði æfingum og afrakstri. Við sækjumst eftir nærveru með börnunum, hlustum á þau og virðum skoðanir þeirra. Við tökum barn úr aðstæðum ef það er stjórnlaust og það fær að jafna sig úr auglýsningu annarra barna. Við notum jákvæða styrkingu og athygli á hegðun sem við viljum sjá meira af og minni athygli á hegðun sem við viljum sjá minna af. Mikilvægur þáttur í jákvæðri hegðun og lærdómi hjá börnum er að þau hafi góða fyrirmynd hins fullorðna. Við veitum börnum stuðning og eftirfylgni þegar þau ráða ekki við aðstæður. Við notum jákvæðar upplifanir barnanna til að styðja við góða hegðun og samskipti við aðra.



Dvalartími

Börnin eru í allt frá 4 tímum upp í 8 tíma vistun. Að auki er hægt að kaupa fimmtán mínútur, fyrir og eftir heila klukkustund. Leikskólinn reynir að koma til móts við þarfir foreldra hvað dvalartíma varðar en ekki er víst að hægt sé að koma til móts við allar óskir. Virða verður þann dvalartíma sem samið er um á hverjum tíma. Deildirnar opna kl. 7:45 og foreldrar/forráðamenn eru beðnir um að bíða með börnunum í forstofu þar til starfsmaður mætir á deildina. Einnig eru þið beðin um að virða lokunartíma leikskólans og eiga allir að vera komnir út úr húsinu kl. 16:15.

Leikskólagjöld

Upplýsingar um leikskólagjöld má finna á https://www.akureyri.is/static/files/01_akureyri.is/pdf/Gjaldskrar2019/gjaldskra_leikskola_2019.pdf Leikskólagjöld eru innheimt í byrjun hvers mánaðar. Ef leikskólagjöld eru ekki greidd fyrir eindaga, fá forráðamenn sent ítrekunarbref. Beri það ekki árangur er skuldin send til innheimtu og í kjölfarið fylgir uppsögn á leikskólaplássi barnsins.

Breytingar á vistunartíma og uppsagnarfrestur

Uppsagnarfrestur á leikskólaplássi er einn mánuður og miðast hann við mánaðamót eða 15. hvers mánaðar. Uppsögn er fyllt út í þjónustugátt Akureyrarbæjar á slóðinni <https://innskraning.island.is/?id=thjonustugatt.akureyri.is>. Heimilt er að krefjast eins mánaðar greiðslu, hafi reglu um uppsagnarfrest ekki verið fylgt. Uppsagnir vegna þeirra barna sem eru að fara í grunnskóla fylgja öðrum reglum. Oftast er beðið um þær uppsagnir í tengslum við sumarleyfisákvarðanir. Breytingar á vistunartíma barns er einnig hægt að sækja um í þjónustugátt og miðast breytingar við 1. hvers mánaðar.



Veikindareglur

Leikskólinn er ætlaður frískum börnum.

Börn sem ekki eru fullfrísk eiga ekki að koma í leikskólann bæði vegna smithættu sem er mest í upphafi veikinda og til að draga úr vanlíðan barns. Innivera þegar börn eru að veikjast eða eru slöpp er ekki leyfð.

Ef barn veikist í leikskólanum er forráðamönnum gert viðvart og hlúð að barninu þar til það er sótt. Barn á að vera hitalaust heima hjá sér í að minnsta kosti einn sólarhring áður en það kemur aftur í leikskólann. Einnig á barnið að geta tekið þátt í öllu skólastarfi jafnt inni sem úti þegar það kemur til baka úr veikindum. Hægt er að koma til móts við alla með því að barn fari síðast út og fyrst inn. Í undantekningartilvikum getur barn fengið að vera inni í einn til tvo daga. Þá er verið að tala um eftir alvarleg veikindi. Ræða skal við deildarstjóra í hverju tilviki fyrir sig.

Meginreglan er sú að foreldrar sjá um lyfjagjafir barna sinna og bera ábyrgð á þeim. Ekki eru gefin lyfseðilsskyld lyf eða krem í leikskólanum nema til komi vottorð frá lækni um að lyfjagjöf eða krem meðferð sé nauðsynleg þann tíma sem barnið dvelur í leikskólanum. Ávallt skal hafa samráð við deildarstjóra.

Húðkrem og bossakrem eru almennt ekki í leikskólanum nema í undantekningartilfellum og þá í samráði við deildarstjóra.

Á <https://www.heilsuvera.is/> eru ýmsar nytsamlegar upplýsingar sem gott er að skoða.

Ýmislegt

Nauðsynlegt er að tilkynna breytingar á högum og aðstæðum s.s. veikindi, andlát í fjölskyldu, fjarveru foreldra, nýtt heimilisfang, símanúmer, byrjun og námslok námsmanna, breytta hjúskaparstöðu. Ef vandamál koma upp varðandi leikskólavöl barns, er nauðsynlegt að láta starfsfólk vita svo hægt sé að taka höndum saman um að finna orsök og leita lausna.

Starfsfólk leikskólans hefur heimild fyrir 48 klukkustundum í starfsmannafundi, skipulags- fundi og námskeið á hverju starfsári. Foreldrum er tilkynnt um þessa daga með a.m.k. mánaðar fyrirvara. Eru þessir dagar allir merktir inn á dagatal skólans. Allar upplýsingar til foreldra eru annað hvort auglýstar í forstofu eða tölvupóstur sendur til foreldra. Það er nauðsynlegt að lesa vel allar auglýsingar. Hver deild hefur sína auglýsingatöflu og gefur út sitt eigið dagatal fyrir hvern mánuð. Á dagatölunum koma fram helstu atburðir mánaðarins sem framundan er hverju sinni.



Útbúnaður

Klæðnaður barnanna þarf að vera í samræmi við veðurfar og hafa ber í huga að veður getur breyst snögglega. Merkja skal fót barnanna á greinilegan hátt, sérstaklega útiföt. Nauðsynlegt er að hafa aukafatnað í leikskólanum. Aukaföt barnanna eru geymd í plastkössum á hillu í forstofunni, og mikilvægt að bæta í þá eftir þörfum. Til hægðarauka höfum við tekið saman lista um nauðsynlegan búnað sem foreldrar geta nálgast hjá deildarstjórum. Í leikskólanum er unnið með ýmis efni og áhöld sem geta skemmt föt. Vinsamlega gætið þess að barnið sé ekki í fötum sem ykkur er sérlega sárt um.

Leikur

Leikurinn er hornsteinn starfsins í leikskólanum. Leikurinn gerir börnin meðvituð um félagslegar reglur sem gilda í umhverfinu. Í gegnum leikinn læra börnin, efla þroska sinn, þau æfa samskipti og viðeigandi hegðun. Leikur býður upp á flæði og hefur þau áhrif að börnin skapa og gleyma sér í leiknum. Börnin hafa aðgang að mismunandi rými og leikefni í leiknum. Allir utanaðkomandi þættir hafa áhrif á leikinn og hann þróast í samræmi við það.

Hópastarf er á hverri deild. Tilgangur hópstarfsins er að börnin læri að vinna og leika sér í hóp og taka tillit til hvers annars. Þetta er einnig góður grundvöllur fyrir tengslamyndun við jafnaldra sína. Hver deild útfærir hópstarf eftir sínu höfði, en alla jafna er barnahópnum skipt niður í minni hópa á deildum og hver hópur hefur sinn hópstjóra sem sinnir hópnum. Þannig getur hver hópstjóri fylgst náið með sínum hópi, þroska og framförum hvers barns fyrir sig.

Söng- og samverustundir eru daglega á öllum deildum og þessar stundir eru markvisst nýttar til málörvunar, sem um leið eflir samskiptahæfni og tjáningu barnanna.

Listasmiðjur eru staðsettar á tveimur stöðum í leikskólanum. Þar er geymdur efniviður og áhöld til listskópunar.

Matartími og hvíldartími er milli 11:00-13:00 í leikskólanum. Foreldrar/forráðamenn eru vinsamlegast beðnir um að virða þennan tíma og halda komum sínum í lágmarki nema um neyðartilvik sé að ræða.



Námsefnið *Lubbi finnur málbein* eftir þær Eyrúnu Ísfold Gísladóttur og Þóru Másdóttur talmeinafræðinga er notað markvisst í leikskólanum. Lubbi er íslenskur fjárhundur og hann langar að læra að tala en þá vandast málið því þá þarf hann að læra öll íslensku máhljóðin. Börnin þurfa að hjálpa Lubba að læra með söng og ýmsum öðrum æfingum. Það sem hundum finnst best að naga er bein og er Lubbi engin undantekning. Þess vegna líta máhljóðin út eins og bein og nagar Lubbi beinin og lærir að tala smátt og smátt. Lubbi finnur málbein gengur út á hljóðanám í þrívídd með samþættingu sjón-, heyrnar og hreyfi/snertiskyns. Hver deild útfærir Lubbavinnuna á sinn hátt og fer útvíkkun efnisins eftir aldri barnanna.

Útivera

Útivera er mikilvægur þáttur í uppeldisstarfi leikskólans. Þar er grófhreyfingum og frjálsum leik gert hátt undir höfði. Mikilvægt að börnin séu klædd í samræmi við veður og einnig að þau hafi næg aukaföt. Forráðamönnum er heimilt að geyma fatnað til útiveru í hólfum barnanna, koma með útbúnað á mánudögum og taka heim á föstudögum. Allan blautan og skítugan fatnað þarf að taka með heim samdægurs, þvo og þurrka og koma með aftur næsta dag.



Foreldrasamtöl

Móttökusamtal er við foreldra áður en barn byrjar í leikskólanum. Foreldrasamtöl eru tvisvar sinnum á ári, á haustin og að vori. Hver deild útfærir fyrirkomulag samtala og boðar foreldra/forráðamenn. Alla jafna er það hópstjóri barnsins sem tekur samtalið. Á haustin eru þættir eins og aðlögun í leikskólann eða flutningur á nýja deild rædd. Einnig viljum við fá fram væntingar og upplifun foreldra/forráðamanna til leikskólavalarinnar. HLIÓM – 2 niðurstöður eru ræddar, en það er skimun á hljóð- og málvitund barna í elsta árgangi. Í vorsamtali er rætt um veturinn og hvernig hefur gengið, flutningar milli deilda og/eða skólastiga eru undirbúin og upplifun foreldra/forráðamanna dregin fram. Ferilmappa barnsins er höfð með í samtal til sýnis foreldrum/ forráðamönnum. TRAS, skimun á mál- og félagsþroska barna er skoðuð og rædd sem og HLIÓM – 2 niðurstöður fyrir börn í elsta árgangi eftir atvikum. Einnig eru niðurstöður MIO, stærðfræðiskimun leikskólabarna, skoðaðar og ræddar.

Hægt er að óska eftir samtali við kennara hvenær sem er utan þessara samtala.

Hlaðborð

Eldri börn skólans borða saman í salnum. Hlaðborð í matsal getur skapað margþætta möguleika, til dæmis er hægt að bjóða upp á fjölbreyttari mat en annars. Hlaðborð getur einnig aukið sjálfstraust með því að stuðlað er að valdeflandi aðstæðum fyrir börn þar sem þeim gefst tækifæri til að velja sjálf, hvað af matnum þau vilja borða. Sérhvert barn setur þannig saman eigin máltíð. Börnin læra að bera virðingu fyrir mat, læra að þekkja magamál sitt og taka tillit til annarra.

Reglur Leikskólans í matsal:

Barn velur hvað og hve mikið það setur á diskinn.

Við hvetjum barn til að smakka.

Við sköpum rólegheit, matartíminn er gæðastund.

Við förum til barns og tölum við það.

Við þurrkum ef sullast niður og aðstoðum barn eftir þörfum.

Virðum barnið sem einstakling.

Virðing, traust og valdefling.



Karellen leikskólakerfið

Leikskólinn notar leikskólakerfið Karellen til að halda utan um skráningar og sem frekari upplýsingaleið milli heimilis og skóla. Aðstandendur geta skoðað myndir af sínu barni, fylgst með viðverudagatali skólans og skráningum um dag barnsins í leikskólanum á aðgangi sínum bæði í appi og á vef. Til að foreldrar og aðstandendur geti fengið lykilorð í Karellen þurfa netföng þeirra að vera skráð af viðkomandi skóla barns í Karellen kerfinu. Næsta skref er svo að velja innskráningu í Karellen á heimasíðu skóla barnsins eða á www.my.karellen.is og velja nýskráningu en einnig er hægt að fara sömu leið ef lykilorð hefur glatast. Ef aðgangur fæst ekki skal leita ráða hjá skóla barns/barna. Til að fá frekari upplýsingar um leikskólakerfið Karellen er fjölskyldum bent á www.karellen.is

Matstæki og sérkennsla

Ýmis matstæki eru notuð í leikskólanum í tengslum við sérkennslu, en við notum TRAS, MIO og HLJÓM-2 sem skimunarverkfæri fyrir öll börn í leikskólanum. TRAS er skráning á málþroska og félagsþroska ungra barna. TRAS-skráningartækið hjálpar leikskólakennurum að finna þau börn sem hafa frávik í málþroska og grípa inn í með markvissum aðgerðum ef um frávik er að ræða með snemmtækri íhlutun. MIO er skimun á stærðfræðiþroska barna á leikskólaaldri og hjálpar starfsfólki að átta sig á þeirri stærðfræðifærni sem hvert barn hefur tileinkað sér. Skimunin hjálpar starfsfólki að koma auga á frávik og grípa inn í með markvissum aðgerðum og snemmtækri íhlutun. MIO er lagt fyrir öll börn í leikskólanum á ákveðnu aldursbili.

HLJÓM-2 er greiningartæki sem er lagt fyrir að hausti til að meta hljóðkerfisvitund barna í elsta árgangi leikskólans í því skyni að greina þau börn sem eru í áhættu fyrir síðari lestrarerfiðleika. Þar er verið að kanna þættina rím, samstöfur, samsett orð, hljóðgreiningu, margræð orð, orðhlutaeyðingu og hljóðtengingu. Í framhaldinu er unnið áfram með þá þætti sem hafa komið slakir út hjá einstaka börnum og foreldrar allra barna fá leiðbeiningarblað um hvernig megi vinna heima. Á vorin er HLJÓM-2 lagt aftur fyrir þau börn sem fá niðurstöðurnar *slök færni* og *mjög slök færni*. Niðurstöður HLJÓM – 2 fylgja börnunum í grunnskólann.

Sérkennsluteymi er starfrækt í skólanum og sinnir börnum með snemmtækri íhlutun ásamt íhlutun eftir greiningarferli.



Tyllidagar leikskólans

Tyllidagar leikskólans eru hugsaðir til þess að brjóta upp hversdagsleikann, gera okkur dagamun. Einnig sjáum við þessa daga sem sameiningartákn okkar allra hér í leikskólanum. Tyllidagar leikskólans birtast á skóladagatali og dagatali deilda. Tyllidagateymi er starfrækt í skólanum þar sem einn starfsmaður á hverri deild situr í nefndinni og kemur að skipulagningu tyllidaganna. Hér á eftir kemur upptalning á dögnum, hvað þeir tákna og hvað við gerum í tilefni þeirra.

Fjölmenningsdagur

Útfærsla á fjölmenningsdögum er í höndum hversrar deildar fyrir sig. Þar er lögð áhersla á eitt til tvö lönd ásamt tungumáli og þjóðfána viðkomandi lands. Börn frá landi mánaðarins eru í forgrunni sinnar deildar.



Söngsalur og opið milli deilda

Fyrsta föstudag hvers mánaðar er söngur á sal þar sem öll börn og kennarar koma saman. Ein deild hefur umsjón með söngstundinni hverju sinni og velur 3-4 lög sem eru æfð fyrir uppákomuna. Deildin sem sér um söngsalinn stendur fyrir framan hin börnin og leiðir sönginn. Að loknum söng er opið á milli deilda, að því loknu fara börnin inn á sína heimadeild. Tilgangurinn með að hafa opið á milli deilda er að börnin fái tækifæri til að heimsækja allar deildir og kynnast umhverfi og kennurum leikskólans. Þá hafa allir aldurshópar leikskólans tækifæri til að leika sér saman.



Afmæli barnanna

Þegar börnin eiga afmæli hengjum við upp mynd af afmælisbarninu á deildinni. Barnið fær að eiga stund yfir daginn þar sem það er í brennidepli og þá fær barnið kórónu, við syngjum afmælissönginn og barnið býður hinum börnunum ávexti. Foreldrar hafa val um að koma með ávexti að heiman, annars útvegar skólinn ávextina.

Afmæli Iðavallar

Iðavöllur á afmæli 24. október og við höldum upp á afmæli skólans þann dag eða sem næst þeim degi. Við gerum okkur dagamun.

Alþjóðlegi bangsadagurinn

Í tilefni af alþjóðlega bangsadeiginum höfum við bangsadag þar sem börnin mega koma með bangsa í leikskólann.

Dagur íslenskrar tungu/Lubbadagurinn

Á degi íslenskrar tungu heldur leikskólinn upp á afmæli Lubba. Við komum saman á sal og syngjum afmælissönginn fyrir Lubba og jafnvel nokkur lög úr hans smíðju. Á þessum degi koma nemendur í 4. bekk í Oddeyrarskóla í heimsókn og lesa fyrir börnin.

Jólakaffi

Foreldrar/forráðamenn eru velkomnir í kaffi þennan dag, nánari upplýsingar eru sendar þegar viðburðurinn nálgast.

Laufabrauð

Börnin fara inn í sal og skera út laufbrauð með aðstoð kennara. Laufabrauðið er í boði með hátíðarmatnum á jólaballinu.



Jólaball

Jólaball leikskólans er haldið í salnum og börn og starfsfólk syngja og dansa í kringum jólatréð. Þeir sem vilja mega mæta í betri fötum. Í lokin heimsækja jólasveinar hverja deild og gefa börnunum smá pakka. Í hádeginu er svo snæddur hátíðarmatur.



Prettándinn

Börn og starfsfólk kveðja jólin með útjólaballi (ef veður leyfir). Börnin fá kakó og piparkökur í útiverunni.

Bóndakaffi

Í tilefni bóndadags bjóðum við karlmönnum í lífi barnsins í heimsókn í leikskólann þar sem boðið er upp á morgunkaffi og brauð. Staðgenglar eru að sjálfsögðu velkomnir.

Konukaffi

Í tilefni konudags bjóðum við konum í lífi barnsins í heimsókn í leikskólann þar sem boðið er upp á morgunkaffi og brauð. Staðgenglar eru að sjálfsögðu velkomnir.

Þorrablót

Þorrablót er haldið hátíðlegt í leikskólanum með því að börnin búa sér gjarnan til þorrakórónu og við syngjum lög sem tengjast þorranum. Allir borða saman við langborð í salnum þar sem m.a. er boðið upp á smakk af hefðbundnum þorramat.



Dagur leikskólans

Haldið er upp á dag leikskólans með margbreytilegum hætti og þannig stuðlað að jákvæðri umræðu um leikskólastarfið. Þennan dag gerum við á Íðavelli eitthvað óhefðbundið og skemmtilegt en það er mismunandi á milli ára og ákveðið hverju sinni.

Bolludagur

Kjöt- eða fiskibollur eru í boði í hádeginu. Börnin fá rjórabollu í eftirrött.

Sprengidagur

Samkvæmt gömlum sið er boðið upp á saltkjöt og baunasúpu í matinn í hádeginu.

Öskudagur

Á öskudegi er hefð fyrir því að börn og kennarar mæti í öskudagsbúningum og geri sér glaðan dag saman. Hver deild velur sér þema og skreytir deildina. Börn og kennarar koma saman á sal og syngja nokkur lög og síðan er sameiginlegt ball í salnum og opið á milli deilda. Börnunum er boðið upp á góðgæti í tilefni dagsins.



Vorhátíð

Vorhátíð leikskólans er haldin til að ljúka formlegu vetrarstarfi og er fjölskyldum barnanna boðið að fagna með okkur. Foreldrafélag leikskólans hefur séð um veitingar og dagskrá, sem yfirleitt fer fram utandyra.

Útskrift elstu barna

Í upphafi vorhátíðar leikskólans fer fram útskrift elstu barnanna. Þá bjóðum við fjölskyldum þeirra á láttlausu athöfn á sal sem hefst á skemmtiatriði barnanna. Leikskólastjóri afhendir þeim útskriftarskjal og litla kveðjugjöf.

Útskriftarferð elstu barna

Í lok skólaárs fara elstu börnin í dagsferð sem þau hafa skipulagt með kennurum sínum. Þennan dag koma börnin með nesti í ferðina en leikskólinn útvegar hádegismat.

Búningadagur

Þennan dag mega börnin mæta í búningi í leikskólann.

Dótadagur

Þessi dagur er gjarnan í janúar og þá gefst börnunum tækifæri til að koma með dót að heiman í leikskólann.

Vasaljósadagur

Börnin mega koma með vasaljós í leikskólann og við leikum með þau á myrkvuðum svæðum.

Þjóðhátíðardagur Íslendinga

17. júní er þjóðhátíðardagur Íslendinga. Í kringum þennan dag gera deildir sér dagamun.

Náttfatadagur

Börnin mega koma í náttfötum í leikskólann þennan dag. Náttfataball er haldið í salnum.

Bókadagurinn

Bókadagurinn er í kringum dag læsis. Þá eru börnin sérstaklega hvött til að koma með bækur í leikskólann. Bækur að heiman eru alltaf velkomnar.

Foreldrafélag Íðavallar

Við leikskólann er starfandi foreldrafélag og allir forráðamenn barna verða sjálfkrafa félagar um leið og barnið byrjar í leikskólanum. Foreldrar/forráðamenn eru beðnir um að láta leikskólastjóra vita ef þeir hafna þátttöku í félaginu. Markmið félagsins er að efla tengsl foreldra, barna og starfsfólks, auka þátttöku foreldra í starfi leikskólans og tryggja velferð barnanna sem best. Félagið kemur að ýmsum uppákomum og ferðum sem leikskólinn skipuleggur. Einnig hefur félagið styrkt leikskólann til kaupa á ýmsum kennslugögnum og leikföngum. Helstu viðburðir sem foreldrafélagið styrkir eru jólasveinar og undirleikari á jólaballi, jólagjafir frá jólasveinum á jólaballi og vorhátíð. Aðalfundur félagsins er haldinn að hausti ár hvert, þar sem rædd eru málefni félagsins og stjórn þess endurnýjuð. Í stjórninni sitja 4-8 fulltrúar foreldra/forráðamanna auk formanns. Einnig er einn starfsmaður leikskólans tengiliður við félagið. Upplýsingar um foreldrafélagið og árgjald þess má finna á

<http://idavollur.is/Foreldrafelagid/Starfsemiargjald>

Foreldraráð Iðavallar

Foreldraráð skipa 3-4 foreldrar/forráðamenn sem kosnir eru að hausti til eins árs í senn.

Helstu hlutverk foreldraráðs eru:

Fjalla um og gefa umsögn til leikskólans og fræðsluráðs um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða skólahaldið. Fylgjast með framkvæmd áætlana og að þær séu kynntar foreldrum. Koma á framfæri sjónarmiðum og hugmyndum foreldra til skjólastjórnenda og fræðsluráðs. Starfa með skólastjóra að hagsmunum barnanna og leikskólans.



